

- 46 11. marz Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. marz 1953.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

- 47 12. marz

AUGLÝSING

um viðauka við reglugerð um söluskatt, nr. 7 frá 10. jan. 1950.

1. gr.

Til viðbótar vörutegundum þeim, sem taldar eru í 3. gr. reglugerðarinnar, komi:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

40 7 Ósagaður trjáviður í fisktrönur.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. marz 1953.

Eysteinn Jónsson.

Sigr. Klemenzson.

- 48 13. marz

REGLUGERÐ

um skiptingu læknishéraða í þrjá launaflokka.

Samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 60 1945, um laun starfsmanna ríkisins, og að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um skiptingu læknishéraða í þrjá launaflokka:

1. gr.

Í I. launaflokki, með 10 200 króna upphafleg grunnlaun samkvæmt 10. gr. 6 launalaganna, nr. 60 1945, skulu vera þessi læknishéruð:

| | |
|-----------------------|----------------------------------|
| Álafosshérað | Árneshérað |
| Akraneshérað | Hofsóshérað |
| Kleppjárnsreykjahérað | Siglufjarðarhérað |
| Búðardalshérað | Grenivíkurhérað |
| Reykholahérað | Breiðumýrarhérað |
| Flateyjarhérað | Kópaskershérað |
| Bildudalshérað | Þórshafnarhérað |
| Bolungavíkurhérað | Vopnafjarðarhérað |
| Ísafjarðarhérað | Bakkagerðishérað |
| Súðavíkurhérað | Búðahérað (Fáskrúðsfjarðarhérað) |

| | | |
|--|--------------------|----------|
| Djúpavogshérað | Vestmannaeyjahérað | 48 |
| Hafnarhérað | Laugaráshérað | 13. marz |
| Kirkjubæjarhérað (Breiðabólstaðar- hérað) | Hveragerðishérað | |
| Víkurhérað | Hafnarfjarðarhérað | |
| | Keflavíkurhérað | |

Í II. launaflokki með 7 200.00—9 600.00 króna upphafleg grunnlaun samkvæmt 10. gr. 7 launalaganna, skulu vera þessi læknishéruð:

| | |
|--------------------|--------------------|
| Borgarneshérað | Dalvíkurhérað |
| Ólafsvíkurhérað | Húsavíkurhérað |
| Stykkishólmshearáð | Egilsstaðahérað |
| Þingeyrarhérað | Eskifjarðarhérað |
| Flateyrarhérað | Stórolfshvolshérað |
| Hólmavíkurhérað | Selfosshérað |
| Hvammstangahérað | Eyrarbakkahérað |
| Ólafsfjarðarhérað | |

Í III. launaflokki með 6 000.00—7 800.00 króna upphafleg grunnlaun samkvæmt 10. gr. 8 launalaganna, skulu vera þessi læknishéruð:

| | |
|---------------------|--------------------|
| Patreksfjarðarhérað | Seyðisfjarðarhérað |
| Blönduóshérað | Neshérað |
| Sauðárkrókhérað | |

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal flokkun læknishéradanna miðast við 1. janúar 1953. Reglugerðin birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 13. marz 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók, nr. 67 14. maí 1949.

49

20. marz

1. gr.

c-liður 29. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Innlend fiskiskip, yfir 50 smálestir brúttó, greiða 20 aura af hverri brúttósmálest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar. Strandferðaskip ríkisins greiða 30 aura af hverri brúttósmálest, þó ekki oftast en einu sinni í mánuði.

Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, skulu greiða 40 aura af hverri brúttósmálest, í hvert skipti er þau koma þangað.

2. gr.

Síðasti málsliður 30. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Vélbátar, 5 smálestir og minni, sem eru eign manna búsettra á Sauðárkróki, greiði kr. 30.00 fyrir hvert ár í hafnargjald. Vélbátar, 5—12 smálestir, greiði kr. 50.00 árlega.